


OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM KONUM OG AÐGENGI ÞEIRRA AÐ STUÐNINGSÚRRÆÐUM

STUTT SKÝRSLA UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNARINNAR



Styrkt af Daphne III áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins



Niðurstöður úr rannsókninni og efni henni tengt er að finna á vefsíðu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum:

<http://fotlunarfraedi.hi.is/>

Einnig má finna niðurstöður verkefnisins í heild á ensku á vefsíðu þess:

<http://women-disabilities-violence.humanrights.at/publications>

Sérstakar þakkir fá konurnar sem tóku þátt í rannsókninni og ráðgjafarhópur rannsóknarinnar: Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Helga Baldvins- og Bjargardóttir, Jarþrúður Þórhallsdóttir, Þorbera Fjölfnisdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

Efni bæklingisins er á ábyrgð Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands og endurspeglar ekki afstöðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Prentun: Háskólaprent

Hönnun: Snæfríð Þorsteins

**OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM
KONUM OG AÐGENGI ÞEIRRA
AÐ STUÐNINGSÚRRÆÐUM**

**STUTT SKÝRSLA UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR
RANNSÓKNARINNAR**

HÖFUNDAR:

**HRAFNHILDUR SNÆFRÍÐAR- OG GUNNARSDÓTTIR
OG RANNVEIG TRAUSTADÓTTIR**

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
AÐFERÐIR	6
NIÐURSTÖÐUR VARÐANDI LÖGGJÖF OG STEFNUMÖRKUN	7
NIÐURSTÖÐUR ÚR GAGNAÖFLUN MEÐAL FATLAÐRA KVENNA	7
REYNSLA AF OFBELDI	6
ÓLÍKAR BIRTINGAMYNDIR OFBELDIS	7
ÁRANGURSRÍK AÐSTOÐ OG ÞÆTTIR SEM KOMU AÐ GAGNI	8
ÞEKKING KVENNA Á RÉTTI TIL STUÐNINGS OG ÞJÓNUSTU	9
HINDRANIR	9
VALDAMISVÆGI	9
NIÐURSTÖÐUR ÚR GAGNAÖFLUN MEÐAL STUÐNINGSÚRRÆÐA .	9
AÐGENGI KVENNA MEÐ MISMUNANDI SKERÐINGAR	9
RÁÐSTAFANIR TIL AÐ TRYGGJA AÐGENGI	10
AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM OG ALMANNATENGL	10
SAMVINNA OG SAMSTARF	10
HINDRANIR AÐ STUÐNINGI	10
NIÐURLAG	11
HEIMILDIR	13
VIÐAUKI 1	15
VIÐAUKI 2	19

INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru kynntar helstu niðurstöður rannsóknarinnar, *Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningi*, sem gerð var á árunum 2013–2015. Rannsóknin var unnin við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands í samstarfi við Ludwig Boltzmann stofnunina, rannsóknastofnunina Queraum og NINLIL (félagasamtök sem veita ráðgjöf til fatlaðra kvenna) í Austurríki, Giessen-háskóla í Þýskalandi og háskólana í Leeds og Glasgow í Englandi. Rannsóknin var styrkt af Daphne III áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Rannsóknir sýna að fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrar konur (Barrett, O’Day, Roche og Carlson, 2009; Brownridge, Ristock og Hierbert-Murphy, 2008; Copel, 2006; Schröttle o.fl., 2012). Jafnframt hefur verið bent á að aðgengi fatlaðs fólks að úrræðum og samtökum, sem styðja þolendur ofbeldis, er oftast en ekki ábótavant. Í rannsóknum Swedlund og Nosek (2000) kom í ljós að athvörf, hjálparáttur og ráðgjafarþjónustur gerðu yfirleitt ekki ráð fyrir fötluðum konum í starfsemi sinni, stefnu eða við gerð áætlana. Niðurstöður skýrslu Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd um þjónustu félagasamtaka (Guðrún Helga Sederholm, 2010) sýndu jafnframt að aðgengi fatlaðra kvenna að stuðningsúrræðum fyrir þolendur ofbeldis á Íslandi væri ábótavant.

Daphne-verkefnið sem hér er kynnt miðaði að því að afla þekkingar á ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum. Þá var jafnframt lögð áhersla á að þekkingin sem af verkefninu hlytist væri notuð til að vinna hagnýtt efni sem nýst gæti við skipulag aðgerða í þágu fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi og bætt stuðning til þeirra.

Í verkefninu var því lögð megináhersla á þrjú verkþætti:

- að leggja mat á lagaumhverfi og stefnumörkun í málaflokkinum,
- að safna ítarlegum gögnum um reynslu fatlaðra kvenna og stuðningsaðila sem styðja brotþola, og
- að þróa leiðbeinandi viðmið fyrir árangursríkan stuðning og tillögur að aðgerðum til að bæta aðgengi að stuðningsúrræðum fyrir fatlaðar konur sem eru þolendur ofbeldis.

Til að afla þekkingar á reynslu þeirrar af ofbeldi og aðgengi að stuðningsúrræðum voru höfð viðtöl við fatlaðar konur og haldnir með þeim rýnihópar. Auk þess voru tekin viðtöl við aðila sem starfa hjá samtökum/stofnunum sem styðja brotþola og fólk sem starfað hefur í þjónustu við fatlað fólk og hefur reynslu af því að styðja fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

Meðan á rannsókninni stóð voru unnar skýrslur um helstu niðurstöður úr ólíkum verkþáttum svo sem um lagaumhverfi og stefnumótun, og um niðurstöður úr viðtölum við fatlaðar konur og stuðningsaðila. Sérstakar skýrslur voru gerðar fyrir hvert land og jafnframt unnin samþættingarskýrsla þar sem niðurstöður frá öllum löndunum voru bornar saman. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar í heild má finna á aðgengilegu máli, táknmáli og hljóðskrá á vefsíðu verkefnisins, <http://women-disabilities-violence.humanrights.at/?q=publications>. Þetta sama efni er að finna á íslensku á vefsíðu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, <http://fotlunarfraedi.hi.is/>

Við rannsóknina var haft að leiðarljósi að fatlaðar konur eru sérfræðingar í eigin lífi og reynslu. Fatlaðar konur tóku virkan þátt í verkefninu á öllum stigum þess, sem rannsækendur, þátttakendur í ráðgjafarhópum og viðmælendur í rannsókninni.

Í viðaukum með þessari skýrslu er að finna efni sem þróað var af rannsóknarteymum þátttökulandanna í samstarfi við hagsmunaaðila, fatlaðar konur og þátttakendur ráðgjafarhópa í hverju landi. Í viðauka 1 er að finna grunnildir og leiðbeinandi viðmið til að þróa góða starfshætti og bæta stuðning til fatlaðra kvenna sem hafa mátt þola ofbeldi. Í viðauka 2 eru tillögur að aðgerðum stjórnvalda, ábyrgðaraðila í þjónustu við fatlað fólk, stuðningsúrræða fyrir brotþola og samtaka fatlaðs fólks, til að bæta aðgengi að stuðningi fyrir fatlaðar konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

AÐFERÐIR

Í rannsókninni voru notaðar fjölbreyttar rannsóknaraðferðir: opin viðtöl, rýnihópar, spurningakönnun og innihaldsgreining opinberra gagna.

Fyrsti hluti verkefnisins beindist að því að greina lög og stefnumótandi opinber gögn hvers lands fyrir sig og afla upplýsinga um þá stuðningsþjónustu sem í boði var fyrir brotaþola. Einkum var rýnt í löggjöf og stefnumörkun er varðar ofbeldi gegn konum og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem hvert land hafði undirgengist á þessu sviði. Að því loknu hófst vettvangsrannsókn sem náði til tveggja hópa, annars vegar fatlaðra kvenna og hins vegar starfsmanna stuðningsúrræða. Öflun gagna fólst fyrst og fremst í rýnihópum og eigindlegum viðtölum, en einnig var sendur út spurningalisti til þeirra sem sinna stuðningi til þolenda ofbeldis.

Alls tóku 67 fatlaðar konur þátt í rýnihópum rannsóknarinnar, 16–20 í hverju landi. Áhersla var lögð á að fá til þátttöku fjölbreyttan hóp kvenna, konur með mismunandi skerðingar, á ólíkum aldri, með fjölbreytilega hjúskapar- og fjölskyldustöðu og af ólíkum landsvæðum. Rannsakendur höfðu viðtalsramma sér til stuðnings í opnum viðtölum og rýnihópum með þeim atriðum sem rannsóknin beindist að og innihéldu meðal annars spurningar er vörðuðu reynslu af ofbeldi, ólíka sýn og skilgreiningar á ofbeldi, hindranir að stuðningi og tillögur að úrbótum. Jafnframt var lögð áhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim fannst sjálfum skipta máli. Konunum voru ekki gefnar ákveðnar skilgreiningar á hugtökunum „ofbeldi“ eða „aðgengi“ en voru hvattar til að setja fram eigin hugmyndir og skoðanir.

Auk rýnihópa voru tekin eigindleg viðtöl við 59 fatlaðar konur, 11–16 viðtöl í hverju landi. Til að ná til þátttakenda

var leitað til einstaklinga sem störfuðu með fötluðu fólki og þeir beðnir um að hafa samband við konur sem þeir töldu að væru tilbúnar að deila reynslu sinni af ofbeldi með rannsakendum. Einstaklingsviðtölin byggðust á viðtalsramma með ævisögulegri nálgun sem fólst í því að spyrja þátttakendur um ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir á lífsleiðinni. Hvert og eitt viðtal fór fram með fullu samþykki þátttakenda og voru tímasetning og staður ákveðin í sameiningu. Viðmælendum var boðið að fara í viðtal hjá sálfræðingi sér að kostnaðarlausu ef umræðurnar vöktu upp vanlíðan og erfiðar tilfinningar.

Alls voru tekin 10–15 viðtöl í hverju landi við starfsfólk félagasamtaka eða stofnana sem sinna stuðningi við þolendur ofbeldis. Að auki var lagður fyrir spurningalisti sem náði til 602 þjónustuveitenda í löndunum fjórum. Meðal þátttakenda var starfsfólk athvarfa fyrir konur, hjálparsíma, ráðgjafar- og upplýsingamiðstöðva og nokkurra samtaka fatlaðs fólks sem buðu fram stuðning við fatlaðar konur sem höfðu verið beittar ofbeldi. Á Íslandi voru tekin viðtöl við níu viðmælendur. Sjö af þeim störfuðu hjá félagasamtökum eða stofnunum sem sinntu ýmiss konar stuðningi við brotaþola en einnig var rætt við tvo aðila sem störfuðu í þjónustu við fatlað fólk og hafa sinnt stuðningi við fatlaðar konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Að auki var gerð netkönnun sem náði til 602 stuðningsaðila í löndunum fjórum (Austurríki, Þýskalandi, Íslandi og Englandi). Í könnuninni var meðal annars leitað eftir upplýsingum um það hvaða stuðningur væri fyrir hendi fyrir þolendur ofbeldis, hve aðgengilegur stuðningurinn væri fyrir fatlaðar konur og að hvaða marki konur með ólíkar skerðingar hefðu notfært sér hann.

Rannsóknin fékk leyfi Vísindasiðanefndar (VSN-13-092).

NIÐURSTÖÐUR VARÐANDI LÖGGJÖF OG STEFNUMÖRKUN

Stefnumótun og lagaumhverfi landanna var ólíkt. Í öllum löndunum að Íslandi undanskildu var í gildi löggjöf er varðar ofbeldi gegn konum og í öllum löndunum var löggjöf til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Hins vegar var hvergi til staðar löggjöf sem verndaði sérstaklega fatlaðar konur sem verða fyrir ofbeldi. Niðurstöður sýndu einnig að fatlaðar konur standa frammi fyrir ýmsum hindrunum þegar kemur að aðgengi að réttlæti og réttlátri málsmeðferð. Slíkt hefur jafnvel haft þau áhrif að fatlaðar konur leita sér ekki hjálpar þar sem þær trúa ekki að það muni leiða til réttlætis. Margar fatlaðar konur hafa búið við mismunun og skert aðgengi að þátttöku á ýmsum sviðum samfélagsins allt sitt líf. Slík reynsla hefur mótað sjálfsmynd þeirra, takmarkað

þjargráð þeirra og haft þau áhrif að þær mótmæli síður misrétti og ofbeldi sem þær verða fyrir. Auk þess kom í ljós að fatlað fólk er oft talið ótrúverðugt og óáreiðanlegt og er því oft ekki trúað þegar það segir frá ofbeldi sem það er beitt. Löggæslustofnanir, dómskerfi og félagsráðgjafar hafa oft ekki þekkingu eða skilning á félagslegum aðstæðum fatlaðra kvenna og rétti þeirra til kynvitundar og kynlífs. Við málarekstur fyrir dómstólum skortir jafnframt iðulega á að fatlaðar konur fái nægan stuðning eða fræðslu, og upplýsingar eru sjaldan á aðgengilegu formi. Einungis örlítill hluti fatlaðra kvenna sem verður fyrir ofbeldi er í stöðu til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

NIÐURSTÖÐUR ÚR GAGNAÖFLUN MEÐAL FATLAÐRA KVENNA

REYNSLA AF OFBELDI

Þær fötluðu konur sem þátt tóku í rannsókninni höfðu orðið fyrir ýmiss konar ofbeldi, í æsku, á unglingsárum og fullorðinsárum. Ofbeldið var meðal annars andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og þjónustutengt. Ein kvennanna sagði:

„... það er enginn slíkur staður að ofbeldi geti ekki átt sér þar stað.“

Flestar höfðu konurnar orðið fyrir heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánu sambandi. Konur sem bjuggu á stofnunum eða í sértækum búsetuurræðum lýstu einnig ofbeldi og viðvarandi valdniðslu og kúgun á heimilum sínum. Gerendur ofbeldis í æsku og á unglingsárum voru oftast feður og í minna mæli mæður og aðrir fjölskyldumeðlimir svo sem bræður, frændur, afar, ömmur, stjúpfeður, stjúpmæður eða einstaklingar nánir fjölskyldunni eða barninu (kennarar, nágrannar, umönnunaraðilar, ökumenn, meðferðaraðilar, lækna o.s.frv.). Á fullorðinsárum voru gerendurnir einkum sambýlisfólk og makar kvennanna eða feður þeirra. Þegar ofbeldi átti sér stað innan stofnana eða í þjónustukerfi voru gerendur yfirleitt starfsfólk, aðrir þjónustunotendur, ökumenn, lækna og meðferðaraðilar.

ÓLÍKAR BIRTINGAMYNDIR OFBELDIS

Andlegt ofbeldi kom oft fyrir í frásögnum þátttakenda. Konur í löndunum öllum höfðu upplifað lítilsvirðingu, niðurlægingu og hótanir. Þær sem bjuggu á eigin heimilum

og urðu að reiða sig á aðstoð sambýlisaðila eða maka, bjuggu oft við einangrun, afskiptasemi og stjórnsemi. Aðrar algengar birtingarmyndir andlegs ofbeldis voru fordómar og mismunun. Margar höfðu orðið fyrir einelti í skóla og á dvalarheimilum í æsku, einkum konur með námsörðugleika og skynfæraskerðingu. Jafnframt höfðu sumar mátt þola einelti á vinnustað, áreitni og hrellingu (e. stalking).

Líkamlegt ofbeldi var algengt og höfðu flestir viðmælendur upplifað einhvers konar líkamlegt ofbeldi svo sem það að vera barðar, eða að sparkað var í þær eða hrækt á þær. Í sumum tilvikum varð ofbeldið lífshættulegt, þá höfðu konur til dæmis verið kyrktar eða kæfðar. Stundum tengdist ofbeldið skerðingu kvennanna. Það birtist meðal annars í því að þeim var neitað um nauðsynlega aðstoð eða þær þvingaðar í aðgerðir sem þær vildu ekki fara í, svo sem ófrjósemisaðgerðir eða fóstureyðingar. Konur með umtalsverðar skerðingar, sem gerðu það að verkum að þær gátu síður varið sig, og konur sem voru einangraðar og í litlum félagslegum samskiptum við aðra, virtust fremur eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi en konur með vægari skerðingar.

Kynferðislegt ofbeldi var algengasta birtingarmynd ofbeldis í rannsókninni. Einkum höfðu konur mátt þola kynferðislega misnotkun, áreitni og nauðganir í æsku og á unglingsárum. Í sumum tilvikum var ofbeldið viðvarandi og stóð yfir árum

saman. Viðmælendur töldu að staðalmyndir og ríkjandi hugmyndir um fatlaðar stúlkur og konur sem „kynlausar verur“ hafi stuðlað að því að fela það kynferðislega ofbeldi sem þær eru beittar. Jafnframt töldu þær að skortur á kynfræðslu hafi leitt til þess að fatlaðar stúlkur og konur fái sjaldan tækifæri eða uppbyggilega hvatningu til að þekkja eigin mörk. Þær ættu því oft í erfiðleikum með að segja „nei“ þegar á þær var þrýst um að gera eitthvað sem þær vildu ekki.

Ofbeldi tengt þjónustu. Konur sem bjuggu á stofnunum og í öðrum sérgreindum þjónustuúrræðum lýstu margar því að hafa upplifað lítilsvirðingu frá starfsfólki og sögðu frá brotum starfsfólks gegn friðhelgi þeirra og einkalífi, vanrækslu, stjórnsemi, niðurlægingu og þrýstingi til að gera hluti gegn vilja þeirra. Slíkt þjónustutengt ofbeldi einkenndist alltaf af valdamisvægi og yfirráðum og valdbeitingu ófatlaðra starfsmanna yfir fötluðum þjónustunotendum. Konur sem dvalið höfðu á slíkum stofnunum höfðu margar einnig orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og misnotkun.

Þvinganir af ýmsum toga. Þvingað hjónaband er alvarlegt brot gegn rétti kvenna og var áberandi meðal viðmælenda í Englandi en kom ekki fram í öðrum löndum. Á Íslandi var umræða um forræðishyggju og valdbeitingu í tengslum við sjálfræðissviptingu áberandi. Í sumum tilvikum var konum meinað að taka mikilvægar ákvarðanir um líf sitt og sjálfsákvörðunarréttur þeirra takmarkaður verulega. Að auki voru konur sem þurftu að reiða sig á fjárframlög frá öðrum, svo sem sambýlismanni eða stofnun, oft í valdalausri stöðu, ekki síst þegar lögheimilistaða þeirra var örugg eða þær háðar öðrum til að geta búið á heimili sínu.

ÁRANGURSRÍK AÐSTOÐ OG ÞÆTTIR SEM KOMU AÐ GAGNI

Fötluðu konurnar sem tóku þátt í rannsókninni ræddu hvað hefði reynst þeim hjálplegt í ofbeldisaðstæðunum. Þær töldu grunnþætti eins og öruggt heimili og stuðning við athafnir daglegs lífs lykilatriði. Jafnframt bentu þær á þrjú meginþætti sem höfðu reynst mikilvægir fyrir þær: (1) tengsl og samskipti við einstakling í nánasta umhverfi þeirra sem einkenndist af stuðningi, (2) aðstoð frá stuðningsúrræðum og (3) ýmsir þættir sem efldu persónulegan styrk þeirra og stuðluðu að valdeflingu þeirra sjálfra til að takast á við ofbeldisaðstæður. Þessum þáttum er lýst nánar hér á eftir.

Stuðningsríkt samband við einstaklinga í þeirra nánasta umhverfi var sá þáttur sem konunum fannst skipta mestu máli. Þær lýstu því að með aðstoð annarra hefðu þær lært að draga mörk varðandi það hvað væri ásættanleg hegðun í þeirra garð, átta sig á ofbeldisaðstæðum og skilgreina reynslu sína sem misnotkun eða ofbeldi og leita sér stuðnings. Í sumum tilvikum hafði aðstoðin komið frá fjölskyldumeðlimum en aðrir einstaklingar sem oft voru nefndir voru fjarskyldari ættingjar og vinir, kennarar, leiðbeinendur, læknar, félagsráðgjafar, starfsfólk innan þjónustukerfisins, sálfræðingar og annað fagfólk. Í sumum tilvikum gátu konurnar ekki reitt sig á stuðning frá fjölskyldu sinni, til dæmis vegna erfiðra samskipta eða vantrausts. Sú reynsla hafði slæm áhrif á líðan kvennanna, einkum í æsku, og varð oft til þess að konurnar fengu ekki stuðning og aðstoð sem þær þörfuðust.

Aðstoð frá stuðningsúrræðum. Formlegur og óformlegur stuðningur frá félagasamtökum eða stofnunum sem styðja brotþola reyndist mörgum konum mikilvægur. Reynsla af slíkum stuðningi var hins vegar mismunandi meðal viðmælenda. Konur í öllum löndunum fjórum lýstu því að hafa ekki fengið nægilega góðan stuðning. Í sumum tilvikum var það vegna skorts á aðgengi, öðrum hafði ekki verið trúað þegar þær sögðu frá ofbeldinu og oft virtist ekki hafa verið næg þekking innan félagasamtaka og stuðningsúrræða til að veita þeim viðeigandi stuðning. Margar konur lýstu því þó að hafa fengið góðan og mikilvægan stuðning frá félagasamtökum og stofnunum. Stuðningurinn sem konurnar mátu mest var jafningjaráðgjöf, starfsemi samtaka sem stuðluðu að valdeflingu, sjálfsvarnarnámskeið og sjálfshjálparhópar.

Aðeins fáar konur höfðu leitað til lögreglu vegna ofbeldis sem þær höfðu mátt þola. Fæstar fengu nauðsynlega aðstoð til að leita réttar síns og voru ekki teknar alvarlega þegar þær tilkynntu ofbeldið. Nokkrar viðmælenda lýstu því þó að hafa fengið góða aðstoð frá lögreglu, dómurum eða öðrum embættismönnum.

Persónuleg úrræði og styrkur. Þó nokkrir viðmælendur lýstu því að hafa náð að komast út úr ofbeldisaðstæðunum og valdeflast. Þær fóru ólíkar leiðir og sóttu styrk úr ólíkum áttum. Sumar kvennanna fundu styrk í því að skrifa niður hugsanir sínar í dagbækur, sækja sjálfstyrkingarnámskeið eða fræðslunámskeið. Aðrar fundu styrk sinn vaxa eftir að þær tókust á við ný hlutverk svo sem að hugsa um dýr, fara í dansskóla eða jóga eða sækja nýja vinnu. Konur sem

höfðu verið háðar aðstoð frá þeim sem höfðu beitt þær ofbeldi, öðluðust aukna stjórn á eigin lífi og sjálfstyrk með aukinni persónulegri og notendastýrðri aðstoð.

ÞEKking KVENNA Á RÉTTI TIL STUÐNINGS OG ÞJÓNUSTU

Þekking kvennanna á réttindum sínum og úrræðum sem eru í boði fyrir brotþola var mismunandi. Flestar höfðu takmarkaða þekkingu og einungis lítil hópur viðmælenda var vel upplýstur um rétt sinn og þá þjónustu sem fyrir hendi var. Sumar höfðu nýtt sér stuðning ætlaðan þolendum ofbeldis, svo sem athvörf eða stuðning félagsamtaka eða ráðgjafarmiðstöðva. Fæstar töldu þó að nægur stuðningur væri í boði fyrir fatlaðar konur sem væru þolendur ofbeldis. Þær töldu bággt aðgengi að stuðningi vera algenga hindrum, einkum fyrir konur með hreyfihömlun, blindar- eða sjónskertar konur og heyrnalausar konur. Jafnframt töldu margar að ráðgjafar og starfsfólk félagsamtaka og stofnana sem styðja brotþola skorti þekkingu til að geta veitt fötluðum konum góðan stuðning. Þær lýstu því að almennt vantaði aðgengilegar upplýsingar um stuðning fyrir brotþola og að erfitt væri fyrir fatlaðar konur að finna upplýsingar varðandi aðgengi að félagsamtökum, stofnunum og stuðningsúrræðum. Margar fatlaðar konur átta sig þess vegna ekki á því hvert þær geti leitað og hvort stuðningurinn sem í boði er geri ráð fyrir fötluðum konum og sé aðgengilegur fyrir þær.

HINDRANIR

Fatlaðar konur sögðu ýmiss konar hindranir hafa komið í veg fyrir að þær hafi getað leitað sér aðstoðar eða losað sig úr ofbeldisaðstæðum. Margar voru háðar stuðningi eða aðstoð frá gerendum á heimilum sínum eða á stofnunum. Fyrir vikið reyndist þeim erfitt að leita sér aðstoðar eða segja frá ofbeldinu. Aðrar algengar hindranir sem viðmælendur lýstu voru skortur á aðgengilegum upplýsingum um þjónustu, óaðgengileg þjónusta og stuðningur, fjárhagsörðugleikar, neikvæð viðhorf einstaklinga í þeirra nánasta umhverfi (t.d. starfsmanna) og að þeim væri ekki trúað þegar þær sögðu frá ofbeldi. Konurnar töldu að ofbeldið sem þær höfðu mátt þola hefði verið nátengt undirokaðri stöðu þeirra og valdaleysi gagnvart gerendum.

VALDAMISVÆGI

Ofbeldið sem konurnar urðu fyrir var nátengt jaðarsettri stöðu þeirra og nær allar höfðu upplifað fordóma og mismunun. Þær lýstu því að samskipti þeirra við ófatlað fólk einkenndist iðulega af miklu valdaójafnvægi. Margt benti til að valdniðslan ætti sér einkum stað í þeim tilvikum þegar konur gátu ekki varið sig vegna skerðingar sinnar. Margar höfðu þannig takmarkað vald yfir eigin lífi og urðu að reiða sig á stuðning annarra (t.d. þjónustuaðila á heimili). Sumar konurnar lýstu því að þær veigruðu sér við að segja frá ofbeldinu af ótta við að missa aðstoð, stuðning eða þjónustu.

NIÐURSTÖÐUR ÚR GAGNAÖFLUN MEÐAL STUÐNINGSÚRRÆÐA

AÐGENGI KVENNA MEÐ MISMUNANDI SKERÐINGAR

Ráðgjafar og starfsfólk félagsamtaka og stofnana var beðið að meta aðgengi að starfsemi fyrir konur með ólíkar skerðingar. Í ljós kom að aðgengi kvenna með skynskerðingar (sjónskertra og heyrnarskertra kvenna) var einkum ábótavant. Sárafá samtök/stofnanir (2–13%) töldu þjónustuna að öllu leyti aðgengilega fyrir konur

með slíkar skerðingar. Einnig töldu fá samtök/stofnanir þjónustuna að öllu leyti aðgengilega fyrir konur með þroskahömlun, eða um 9–13% þeirra. Ráðgjafar og starfsfólk voru líklegri til að telja þjónustu sína aðgengilega fyrir konur með hreyfihömlun (hér eru ekki taldar þær konur sem nota hjólastóla) en hlutfallið var ólíkt eftir löndum, lægst í Þýskalandi og hæst á Íslandi. Í öllum löndunum voru konur með geðsjúkdóma taldar sá

hópur sem oftast nýtti sér stuðning félagasamtakanna/ stofnananna. Þátttakendur voru einnig spurðir að hvaða marki samtökin/ stofnunin væri í stakk búin til að veita viðeigandi þjónustu til kvenna sem búa á stofnunum eða í öðrum sérgreindum búsetuúrræðum. Svör dreifðust þannig að 40% stuðningsúrræða á Íslandi töldu samtökin/ stofnunina í stakk búna, 29% í Bretlandi, 13% í Austurríki og 6% þátttakenda í Þýskalandi. Þátttakendur frá Íslandi í þessum hluta rannsóknarinnar voru mjög fáir og því ber að túlka niðurstöður með varfærni.

RÁÐSTAFANIR TIL AÐ TRYGGJA AÐGENGI

Þátttakendur voru beðnir að lýsa ráðstöfunum sem gerðar höfðu verið hjá samtökunum/ stofnununum til þess að tryggja aðgengi ólíkra hópa fatlaðra kvenna. Flestir nefndu í því sambandi ráðgjöf til kvenna með geðsjúkdóma og upplýsingar og ráðgjöf á auðskildu máli fyrir konur með þroskahömlun. Fæstir höfðu gert breytingar til að tryggja aðgengi kvenna með skynskerðingar (svo sem notkun blindraleturs eða leiðbeiningarkerfa fyrir blindar konur og notkun ljósa fyrir dyrabjöllur).

AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM OG ALMANNATENGL

Nokkur samtök sem tóku þátt í rannsókninni störfuðu sérstaklega í þágu fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Þessi samtök veittu undantekningarlaust aðgengilegar upplýsingar um þjónustu sína og höfðu lagt sig fram um að ná til fatlaðra kvenna. Önnur samtök/ stofnanir sem þátt tóku skorti hins vegar oft þekkingu á því hvernig hægt væri að auka aðgengi að þjónustunni. Margir viðmælendur frá slíkum samtökum/ stofnunum töldu sig ekki búa yfir nægjanlegum úrræðum til að geta lagað þjónustu sína sérstaklega að ólíkum þörfum fatlaðra kvenna og margir sögðu bága fjárhagsstöðu samtaka/ stofnana setja strik í reikninginn.

SAMVINNA OG SAMSTARF

Stór hluti þeirra stuðningsúrræða sem þátt tóku í rann-

sókninni áttu eða höfðu átt í samstarfi við ýmsa fagaðila eða þjónustustofnanir (t.d. heilsugæslu, félagsþjónustu eða aðra fagaðila). Einungis fimmtungur samtaka/ stofnana hafði þó verið í samstarfi við samtök fatlaðs fólks eða úrræði sem stýrð voru af fötluðum konum. Ljóst er að ofbeldi gegn fötluðum konum er margbreytilegt og tengist í senn kyngervi þeirra og stöðu sem fatlaðir einstaklingar. Þrátt fyrir það voru fá samtök/ stofnanir sem tókust á við ofbeldið með heilðrænum hætti. Margir virtust vera þeirrar skoðunar að það væri í verkahring samtaka fatlaðs fólks að styðja konur sem yrðu fyrir forðómum, þjónustutengdu ofbeldi og hatursglæpum en að stuðningssamtök og stofnanir sem styðja brotþola ættu þess í stað að aðstoða þolendur kynferðislegs ofbeldis og heimilisofbeldis.

HINDRANIR AÐ STUÐNINGI

Þegar rætt var um þætti sem hindruðu aðgengi fatlaðra kvenna að stuðningi komu fram sambærileg þemu í löndunum fjórum. Margir viðmælendur meðal stuðningsaðila töldu að skortur á fjármagni væri það sem helst kæmi í veg fyrir bættan stuðning. Vegna slæmrar fjárhagsstöðu gætu samtök/ stofnanir ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að auka aðgengi að þjónustu sinni og stuðningi. Viðmælendur töldu jafnframt að innan samtakanna/ stofnananna skorti úrræði og þekkingu til þess að geta lagað stuðninginn að ólíkum þörfum fatlaðra kvenna. Sumir virtust jafnframt vera þeirrar skoðunar að í raun væri ekki hægt að veita fullkomlega aðgengilega þjónustu og það dró úr áhuga þeirra á að taka af skarið og ráðast í breytingar. Loks töldu viðmælendur að umræðan um ofbeldi gegn fötluðum konum væri yfirleitt skammt á veg komin og væri enn hálfgerð feimnismál í samfélaginu. Þetta gerði það meðal annars að verkum að fatlaðar konur fengju síður fræðslu eða upplýsingar um stuðning í sínu nánasta umhverfi. Það væri því mikilvægt að stuðla að almennri vitundarvakningu um málefnið sem næði í senn til fagfólks og þjónustuveitenda, samtaka og stofnana sem styðja brotþola, til almennings og fatlaðs fólks.

NIÐURLAG

Niðurstöður rannsóknarinnar undirstrika alvarleika þess ofbeldis sem fatlaðar konur verða fyrir. Ofbeldið sem þátttakendur lýstu var margslungið, átti sér stað við fjölmargar aðstæður, var iðulega langvarandi og gerendur voru margir og í margvíslegum tengslum við þolendur. Ofbeldi á heimilum kvenna var algengt og gerendur í þeim tilvikum iðulega nákomnir einstaklingar, svo sem sambýlismenn, makar og aðrir fjölskyldumeðlimir. Jafnframt tengdist ofbeldið oft stuðningsþörf kvenna, hvort sem um var að ræða launaða aðstoð starfsfólks eða óformlega umönnun fjölskyldunnar. Afleiðingarnar voru oft alvarlegar, konunum var tíðrætt um neikvæð áhrif ofbeldisins á geðheilsu, og ofbeldi var talið algeng ástæða ýmissa líkamlegra og andlegra kvilla. Konur með skynskerðingar (sjónskerðingu og heyrnarskerðingu), konur með þroskahömlun og fatlaðar konur meðal innflytjenda (einkum í Bretlandi) voru taldar í sérstökum áhættuhópi.

Tíðni kynferðislegs ofbeldis í æsku og á fullorðinsárum var umtalsvert og full ástæða til að hafa af því miklar áhyggjur. Ríkjandi staðalmyndir um fatlaðar stúlkur og konur, einkum konur með þroskahömlun sem kynlausar verur og eilíf börn, voru taldar stuðla að kynferðisofbeldi og hindra það jafnframt að konur fengju þann stuðning sem þær eiga rétt á. Jafnframt ættu þessar staðalmyndir sinn þátt í því hversu falið ofbeldið er. Í öllum löndunum lýstu konurnar skorti á kynfræðslu og umræðu um kynlíf í skólum. Takmörkuð umræða og fræðsla hafði þau áhrif að margar kvennanna áttu erfitt með að átta sig á því hvað væri „eðlilegt“ og hvað væri kynferðisleg misnotkun og lærðu því ekki að þekkja eigin mörk og setja þau. Takmörkuð þekking þeirra á kynlífi og ofbeldi jók á valdamisvægi milli þeirra og ofbeldismannanna og margar þeirra áttuðu sig ekki á því að þær höfðu orðið fyrir ofbeldi fyrr en mörgum árum síðar.

Ofbeldi gegn fötluðum konum er oft flókið og tengist stöðu þeirra, skerðingu og stuðningsþörf með ýmsum hætti. Þegar fatlaðar konur þurfa að reiða sig á aðstoð einstaklinga eða þjónustukerfa eykur það hættu á vald-níðslu og getur jafnframt komið í veg fyrir að þær fái aðstoð og stuðning. Þátttakendur sem bjuggu eða höfðu búið á stofnunum eða í sértækum búsetuúrræðum lýstu viðvarandi valdamisvægi milli ófatlaðs starfsfólks og fatlaðra þjónustunotenda og viðteknum aðferðum og starfsháttum sem vógu að sjálfstæði þeirra. Í sumum tilvikum notfærðu gerendur sér skerðingar kvenna með

beinum hætti, til dæmis með því að niðurlægja þær og gera grín að skerðingu þeirra, fjarlægja eða hindra aðgang að mikilvægum hjálpartækjum (t.d. til tjáningar eða til að komast um) eða gefa konunum of stóra lyfjaskammta. Ofbeldi við slíkar aðstæður jókst eftir því sem skerðing kvenna var meiri. Jafnframt kom fram að þegar ófatlaðar konur, sem voru í samböndum með ofbeldismönnum, hlutu skerðingar síðar á lífsleiðinni, jókst ofbeldið undantekningalaust. Konur sem urðu að reiða sig á aðstoð frá gerendum voru í mjög viðkvæmri stöðu og urðu oft félagslega einangraðar. Við slíkar aðstæður var erfitt fyrir þær að leita sér aðstoðar, hvort sem það var meðal fjölskyldu-fólks og vina eða hjá samtökum eða þjónustuveitendum. Þær óttuðust að ef þær segðu frá ofbeldinu gætu þær misst nauðsynlega aðstoð og jafnvel réttindi sín.

Fæstar kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni tilkynntu ofbeldið sem þær höfðu orðið fyrir til lögreglu. Ýmsar ástæður voru fyrir því, meðal annars hræðsla við að vera ekki trúað og vera vísað í burtu. Í meirihluta tilvika voru gerendur hvorki sóttir til saka né dæmdir. Konurnar fengu jafnframt sjaldan viðeigandi aðstoð og hjálp til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. Aðgengi að úrræðum sem styðja brotþola var oft ábótavant eins og komið hefur fram. Húsnæði samtaka/stofnana var oft ekki aðgengilegt fyrir konur sem nota hjólástól eða konur með hreyfihömlun og aðgengi að upplýsingum um þjónustuna og aðgengi að þjónustunni sjálfri var takmarkað. Ráðgjafar og starfsfólk stuðningsúrræða/stofnana vissu sjaldan hvernig gera mætti þjónustuna aðgengilegri og þekktu ekki leiðir til að laga stuðninginn að ólíkum þörfum fatlaðra kvenna. Margir bentu á að samtökin/stofnunin hefði ekki nægilegt fjármagn eða réttan tækjabúnað til að tryggja aðgengi fatlaðra kvenna og sumir voru þeirrar skoðunar að þjónusta við fatlað fólk væri ekki á ábyrgð samtakanna/stofnunarinnar. Í ljós kom jafnframt að mörg stuðningsúrræði uppfylltu ekki þarfir kvenna sem orðið höfðu fyrir fötlunartengdu ofbeldi, kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu margra mismunandi aðila, kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu á stofnunum eða af hendi umönnunaraðila eða öðru þjónustutengdu ofbeldi svo nokkuð sé nefnt. Stuðningsúrræði tóku oftast mið af reynslu ófatlaðra kvenna (t.d. kvenna sem höfðu mátt þola heimilisofbeldi eða kynferðisofbeldi) og fyrir vikið var þekking á ólíkum birtingarmyndum ofbeldis gegn fötluðum konum, félagslegum aðstæðum þeirra og leiðum til valdeflingar og stuðnings takmörkuð.

Það er því knýjandi þörf á auknum stuðningi til fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Bæði þarf að auka aðgengi að upplýsingum af hagnýtum toga og tryggja aðgengi að ráðgjöf og hjálp við að takast á við afleiðingar ofbeldis svo sem kvíða og skömm. Mikilvægt er að konur fái aðgengilegar og góðar upplýsingar um stuðning sem í boði er frá einstaklingum sem þær treysta. Þátttakendur í rannsókninni lögðu áherslu á mikilvægi þess að komast í samband við einstaklinga sem þær gátu treyst og talað við. Slík aðstoð reyndist oft mikilvæg þegar konur voru að komast út úr ofbeldisaðstæðum og fjölmargir fatlaðar konur lýstu léttinum sem fylgdi því þegar þær voru loks teknar alvarlega og að einhver trúði þeim.

Þegar bornar voru saman tillögur að úrbótum sem rannsóknarhóparnir þróðu hver í sínu landi, kom í ljós að þessar ábendingar sköruðust að töluverðu leyti. Það bendir til þess að hindranir sem fatlaðar konur mæta séu í eðli sínu líkar í löndunum fjórum. Í flestum löndunum var að finna löggjöf um ofbeldi gegn konum og vernd réttinda fatlaðs fólks. Þó er ljóst að þörf er á aukinni löggjöf og stefnumótun er varðar ofbeldi gegn fötluðum konum sérstaklega og mikilvægt að stjórnvöld beiti sér með beinni hætti í málaflokkinum. Til að stuðla að bættari þjónustu er mikilvægt að stjórnvöld skuldbindi sig til að efla þennan málaflokk, innleiða aðgerðir sem stuðla að auknu aðgengi að upplýsingum, aðstoð og stuðningi og hefji úrbætur sem varða lög, reglugerðir og verkferli. Tryggja þarf nægilegt fjármagn til stuðningsúrræða svo þau geti unnið mikilvægt forvarnarstarf og veitt árangursríkan og góðan stuðning til fatlaðra kvenna. Skýrslur allra rannsóknahópanna leiddu einnig í ljós tvö atriði sem mikilvægt er að beina sjónum sérstaklega að. Annars vegar ofbeldi á stofnunum, sérgreindum búsetuúrræðum og innan þjónustu við fatlað fólk, og hins vegar aðgengi fatlaðra kvenna að réttlátri málsmeðferð. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að brýnt er að vinna að úrbótum á þessum sviðum en jafnframt er mikilvægt að greina betur stöðu mála á þessum sviðum og afla frekari upplýsinga og þekkingar.

Hvað varðar starfsemi stuðningsúrræða sem styðja brotaþola er í senn nauðsynlegt að stuðla að bættu aðgengi að

upplýsingum og þjónustu fyrir fatlaðar konur auk aðgerða sem fela í sér áttak til að ná til ólíkra hópa fatlaðra kvenna. Til þess að stuðningur til fatlaðra kvenna sé árangursríkur þarf að gæta þess að hann taki fullt mið af reynslu þeirra. Því er mikilvægt að allar aðgerðir og allt þróunarstarf sé unnið í samstarfi við fatlaðar konur og að þær komi að skipulagi verkefna á öllum stigum og þeim sviðum sem tengjast málaflokkinum. Þátttakendur í ráðgjafahópum rannsóknarinnar lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að auka samstarf og samvinnu hlutaðeigandi félagasamtaka og stofnana, svo sem félagasamtaka fatlaðs fólks, félagsþjónustu og stuðningsúrræða sem styðja brotaþola. Raunin er sú að í flestum löndunum er lítil samvinna á milli þessara aðila. Fæst samtök fatlaðs fólks beita sér með virkum hætti gegn kynbundnu ofbeldi og samtök sem styðja brotaþola og berjast gegn kynbundnu ofbeldi leggja sjaldan áherslu á ofbeldi gegn fötluðum konum. Þrátt fyrir þetta er að finna nokkur samtök í hverju landi sem sérhæfa sig í stuðningi til fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Þessi samtök vinna mikilvægt starf og brýnt er að styðja við starfsemi þeirra.

Að lokum er mikilvægt að taka fram að konurnar sem tóku þátt í rannsókninni voru ekki hjálparvana fórnarlömb eða fangar aðstæðna sinna heldur sterkar konur sem sýndu ótrúlega þrautseigju og styrk þrátt fyrir mismunun og ofbeldi. Allar báru þær ósk í hjarta um að búa í samfélagi án aðgreiningar þar sem fötlun eða það að vera kona leiddi ekki sjálfkrafa til undirskipunar eða mismununar. Þær ræddu mikið um slæma félagslega stöðu fatlaðra kvenna og töldu hana tengjast ofbeldi gegn fötluðum konum með beinum hætti. Valdaleyfi og undirokun hindraði konurnar í að sækja rétt sinn og fá nauðsynlegan stuðning til að vinna úr áföllum. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er því sú að bætt félagsleg staða fatlaðra kvenna sé forsenda þess að ofbeldi gegn þeim verði útrýmt. Aðgerðir til forvarna eða til að bæta aðgengi að stuðningi getur aðeins borið árangur ef komið er fram við fatlaðar konur sem jafningja á öllum sviðum samfélagsins.

HEIMILDIR

Barrett, K.A., O'Day, B.B., Roche, A. og Carlson, B.L. (2009). Intimate partner violence, health status, and health care access among women with disabilities. *Women's Health Issues*, 19, 94–100.

Brownridge, D.A., Ristock, J. og Hiebert-Murphy, D. (2008). The high risk of IPV against Canadian women with disabilities. *Medical Science Monitor*, 14(5), 7–32.

Copel, L.C. (2006). Partner abuse in physically disabled women: A proposed model for understanding intimate partner violence. *Perspective in Psychiatric Care*, 42(2), 114–129.

Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr.85/2011.

Schröttle, M. og Hornberg, C. (2012). Lebenssituation und Belastungen von Frauen mit Beeinträchtigungen und Behinderungen in Deutschland. [Skýrsla sem Háskólinn í Bielefeld vann fyrir þýska félagsmálaráðuneytið]. Sótt 30. október 2014 á <http://www.bmfsfj.de/RedaktionBMFSFJ/Broschuerenstelle/Pdf-Anlagen/Lebenssituation-und-Belastungen-von-Frauen-mit-Behinderungen-Kurzfassung,property=pdf,bereich=bmfsfj,sprache=de,rwb=true.pdf>

Swedlund, N.P. og Nosek, M.A. (2003). An exploratory study on the work of independent living centers to address abuse of women with disabilities. *Journal of Rehabilitation*, 66(4), 57–64.

VIÐAUKI

1

GRUNDVALLAR ATRIÐI FYRIR ÁRANGURSRÍKAN STUÐNING TIL FATLAÐRA KVENNA SEM HAFA VERIÐ BEITTAR OFBELDI

- **Mannréttindi:** Þjónustan á að endurspegla Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, viðtekna hugmyndafræði um sjálfstætt líf fatlaðs fólks og mannréttindaviðmið.
- **Félagslegur tengslaskilningur á fötlun:** Stuðningur við fatlaðar konur og starf með þeim ætti ávallt að grundvallast á félagslegum tengslaskilningi á fötlun eins og fram kemur í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- **Að hlusta á fatlaðar konur:** Ráðgjafar ættu ævinlega að trúa fötluðum konum þegar þær segja frá reynslu sinni. Mikilvægt er að stuðningurinn taki mið af reynslu kvenna en ekki hugmyndum „fagaðila“. Þá ættu ráðgjafar að nýta reynslu fatlaðra kvenna og endurgjöf frá þeim til að stuðla að breytingum og þróa nánar þjónustu og stuðning.
- **Að virða sjálfsvörðunarrétt:** Ráðgjafar þurfa að gæta þess að virða óskir og vilja fatlaðra kvenna. Þeir verða að vera sér meðvitaðir um valdaleysi og undirskipaða stöðu fatlaðra kvenna og þekkja leiðir til að koma í veg fyrir valdamisvægi í samskiptum ráðgjafa og brotaþola.
- **Trúnaður og virðing fyrir friðhelgi einkalífsins:** Trúnaður er mikilvægur fyrir fatlaðar konur sem leita sér stuðnings, einnig þær sem hafa verið sviptar sjálfræði. Ef trúnaður er af einhverjum ástæðum skilyrtur eða takmarkaður þarf það að vera skýrt frá upphafi.
- **Öruggt rými:** Stuðningur við fatlaðar konur þarf að eiga sér stað í öruggu rými. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þess að mismunandi hópar fatlaðra kvenna skilgreina „öruggt rými“ ef til vill á ólíka vegu. Því er brýnt að öruggt rými sé skilgreint sem slíkt af þeim konum sem leita stuðnings. Til þess að rými sé öruggt þurfa stuðningsaðilar meðal annars að taka á mismunun og fordómum sem geta leynst innan stuðningsúrræðanna.
- **Valdefling:** Stuðningsúrræði ættu að leitast við að stuðla að valdeflingu fatlaðra kvenna og bjóða upp á ólík úrræði eða leiðir til sjálfstyrkingar þeirra.
- **Aðgengi:** Stuðningsúrræði eiga að vera aðgengileg konum með ólíkar skerðingar. Þjónustan á að tryggja aðgengi eins og það er skilgreint í 9. gr. Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.
- **Fjölbreytileiki:** Stuðningsúrræði þurfa að taka tillit til fjölbreytileika fatlaðra kvenna.
- **Fatlaðar konur til starfa:** Stuðningsúrræði ættu að hafa fatlaðar konur með í ráðum á öllum stigum við skipulagningu þjónustunnar, þar á meðal við ákvarðanatöku og í starfi sem ráðgjafar.
- **Samstarf og þátttaka:** Stuðningsúrræði ættu að hlusta á reynslu fatlaðra kvenna og vera í samstarfi við þær á jafnréttisgrundvelli. Þau ættu að fylgja meginreglunni „ekker um okkur án okkar“.
- **Þekking á ofbeldi sem fatlaðar konur verða fyrir:** Ráðgjafar þurfa að vita og viðurkenna að fatlaðar konur verða fyrir sams konar ofbeldi og aðrar konur (heimilisofbeldi, kynferðislegu ofbeldi, líkamlegu ofbeldi, o.s.frv.) en eru einnig líklegar til að upplifa annars konar ofbeldi sem tengist skerðingu þeirra.
- **Heildræn sýn:** Stuðningsúrræði ættu að stuðla að almennu heilbrigði kvenna, líkamlegu og tilfinningalegu öryggi.
- **Einstaklingsbundin nálgun:** Fatlaðar konur hafa ólíkar þarfir. Mikilvægt er að stuðningsúrræði taki tillit til þess og miði stuðning sinn við þarfir sérhvers einstaklings.
- **Að viðurkenna ólíkar skerðingar:** Stuðningsúrræði þurfa að viðurkenna að sumir hópar kvenna (t.d. konur með einhverfu, heyrnarlausar konur) skilgreina sig hugsanlega ekki sem fatlaðar konur en þurfa á markvissum og sérhæfðum ráðstöfunum að halda til að eiga þess kost að njóta þjónustu og stuðnings. Ráðgjafar verða að gera sér grein fyrir þessu, þekkja leiðir til að mæta þörfum kvenna og starfa jafnframt með einstaklingum og viðeigandi samtökum á þeirra vegum til að tryggja slíkt.

LEIÐBEINANDI VIÐMIÐ TIL AÐ STUÐLA AÐ ÁRANGURSRÍKUM STUÐNINGI VIÐ FATLAÐAR KONUR SEM HAFNA VERIÐ BEITTAR OFBELDI

AÐGENGI

■ Á stuðningsúrræðið frumkvæði að því að nálgast fatlaðar konur, halda tengslum við þær og bjóða þeim aðstoð um lengri tíma ef þess gerist þörf? Þýður úrræðið þjónustu í síma, ráðgjöf á vefsíðu eða öðru því formi sem miðar að því að ná til allra fatlaðra kvenna?

■ Tryggir stuðningsúrræðið að húsnæði og önnur aðstaða sé aðgengileg öllum fötluðum konum og komi til móts við mismunandi þarfir þeirra (aðgengi að húsnæði, aðstoð við samskipti, aðgengi að tulkum o.s.frv.)?

■ Eru veittar aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna (t.d. upplýsingar á aðgengilegu formi á Netinu eða í bæklingum)?

■ Eru tæknilegar útfærslur til staðar til að tryggja öryggi allra og koma til móts við ólíkar þarfir fatlaðra kvenna? Er til dæmis nauðsynlegur öryggisbúnaður til staðar og eru varúðarráðstafanir sniðnar að þörfum kvenna með ólíkar skerðingar (t.d. sjónrænt eldvarnakerfi fyrir heyrnarlausar konur og varúðarráðstafanir sem koma til móts við þarfir kvenna með einhverfu)?

■ Þýður stuðningsúrræðið fatlaðar konur velkomnar sem hluta af fjölbreyttum hópi kvenna eða er litið á þær sem byrði og þær taldar erfiðar í samvinnu? Hvað hefur verið gert til að tryggja að starfsfólk hafi jákvæð viðhorf gagnvart fötluðum konum sem leita sér aðstoðar?

■ Tryggir stuðningsúrræðið nauðsynlega aðlögun og sveigjanleika í þjónustu sinni til að koma til móts við þarfir fatlaðra kvenna svo sem að ætla þeim rúman tíma vegna óhefðbundinnar tjáningar og tryggja skilvirk samskipti?

ÞEKING

■ Gera ráðgjafar sér grein fyrir því að fatlaðar konur verða fyrir ofbeldi af ólíku tagi?

■ Er þekking til staðar innan stuðningsúrræðisins um hina sérstöku félagslega stöðu fatlaðra kvenna (t.d. þá djúpstæðu fordóma sem margar þeirra verða fyrir), og um ofbeldi gegn fötluðum konum, (t.d. tíðni ofbeldis) og grundvallast stuðningurinn á félagslegum tengslaskilningi um fötlun?

■ Er hvatt til aukinnar þekkingar ráðgjafa á fötlun og aðstæðum fatlaðs fólks og stuðlað að henni með því til dæmis að halda námskeið eða tryggja símenntun á sviði

málefna sem tengjast fötlun og varða meðal annars ofbeldi sem fatlaðar konur verða fyrir? Byggist menntunin á félagslegum tengslaskilningi á fötlun? Eru fatlaðar konur meðal kennara?

■ Eru gerðar ráðstafanir í stefnu stuðningsúrræðisins og almennri starfsemi þess til að mæta þörfum fatlaðra kvenna eða er þjónusta við fatlaðar konur metin og sveigð að einstaklingsbundnum þörfum hverju sinni svo og möguleiki þeirra á að nýta sér hana?

■ Taka samtökin/stofnunin þátt í baráttu fyrir réttindum fatlaðs fólks með því að gagnrýna félagslegar aðstæður sem stuðla að mismunun gegn fötluðum konum?

VALDEFLING

■ Tryggir úrræðið þjónustu og stuðning sem miðar að valdeflingu fatlaðra kvenna? Stuðlar það að þátttöku þeirra með því að bjóða þjónustu sem þær meta mikils, svo sem sjálfshjálparhópa eða jafningjastuðning?

■ Er fötluðum konum veitt aðstoð við að tryggja öryggi þeirra á eigin heimili og stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi með þeirri aðstoð sem þarf og aðstoð við að efla færni sína til sjálfstæðis?

ÞÁTTTAKA

■ Hafa fatlaðar konur verið ráðnar til starfa innan samtakanna/stofnunarinnar?

■ Hafa samtökin/stofnunin einsett sér að stuðla að starfsframa og leiðtogahæfileikum fatlaðra kvenna sem starfa hjá þeim (t.d. með þjálfun, hvatningu og stuðningi til virkrar þátttöku).

■ Starfa samtökin/stofnunin með notendastýrðum samtökum, hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og fötluðum konum? Er samstarfið á jafningjagrundvelli?

■ Eru fatlaðar konur með í ráðum við þróun og framkvæmd nýrra úrræða eða verkefna sem ætluð eru fötluðum konum?

FJÖLBREYTTILEIKI

■ Tekur þjónustan mið af reynslu og þörfum fatlaðra kvenna úr ólíkum samfélagsþópum (t.d. lesbía, transkvenna, kvenna af erlendum uppruna, farandverkakvenna og flóttakvenna)?

AÐGENGI AÐ RÉTTLÆTI – VIÐMIÐ UM GÓÐA STARFSHÆTTI

VIÐMIÐ UM GÓÐA STARFSHÆTTI FYRIR SÉRTÆK STUÐNINGSÚRRÆÐI

- Fá fatlaðar konur fræðslu og þjálfun um réttindi sín eða er þeim veitt aðstoð við að leita sér slíkrar fræðslu?
- Eru fatlaðar konur fræddar um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og fá þær aðstoð við að leita sér slíkrar fræðslu?
- Er stuðlað að því að fatlaðar konur eigi kost á réttlátri málsmeðferð með formlegum kvörtunarleiðum eða tilkynningu um glæp til lögreglu; eru túlkar í boði o.s.frv.?
- Fá fatlaðar konur lögfræðiráðgjöf?
- Fær starfsfólk stuðningsúrræðisins fræðslu eða símenntun um löggjöf á öllum sviðum sem varða ofbeldi gegn konum, um formlegar kvörtunarleiðir, lögfræðiráðgjöf og skaðabætur?

ALMENN VIÐMIÐ FYRIR GÓÐAR STARFSVENJUR UM RÉTTLÁTA MÁLSMEÐFERÐ

- Eru formlegar kvörtunarleiðir til staðar fyrir fatlaðar konur sem hafa mátt þola ofbeldi?
- Hafa lögregla, lögmenn, saksóknarar og dómamarar fengið þjálfun á sviði fötlunar og ofbeldis gegn fötluðum konum í því skyni að styrkja stöðu fatlaðra kvenna sem kæra ofbeldi og til að tryggja að litið sé á þær sem trúverðuga einstaklinga þegar þær tilkynna glæp eða koma fyrir dóm?
- Eru óhefðbundnar tjáskiptaleiðir viðurkenndar (t.d. af lögreglu og dómstólum) og njóta þær jafnræðis á við hefðbundnari samskiptaleiðir þegar fatlaðar konur tilkynna ofbeldi?
- Eiga fatlaðar konur rétt á ókeypis lögfræðiaðstoð fyrir og við réttarhöld?
- Er aðgangur fatlaðra kvenna að lögfræðiaðstoð tryggður?
- Eiga fatlaðar konur rétt á ókeypis sálfélagslegri aðstoð við réttarhöld?
- Er aðgangur að skaðabótum tryggður, til dæmis úr bótasjóði fyrir þolendur glæpa?
- Er til staðar löggjöf um ofbeldi gegn konum (t.d. sérstök lög um heimilisofbeldi) og er henni beitt þegar um er að ræða fatlaðar konur sem búa á stofnunum eða njóta umönnunar á heimilum sínum?
- Eru til staðar formlegar samskiptaleiðir milli lögreglu og þjónustuveitanda ef ofbeldi gegn fötluðum konum er tilkynnt til lögreglu?

VIÐAUKI

2

TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL
AÐ BÆTA STUÐNING TIL
FATLAÐRA KVENNA SEM ERU
ÞOLENDUR OFBELDIS

TILLÖGUR AÐ STEFNUMÖRKUN STJÓRNVALDA

STJÓRNVÖLD ÆTTU AÐ SKULDBINDA SIG TIL AÐ GREIÐA FÖTLUÐUM KONUM LEIÐ AÐ AUKNUM STUÐNINGI

Pólítískur vilji og aðgerðir stjórnvalda eru forsenda þess að fatlaðar konur, sem orðið hafa fyrir ofbeldi, eigi þess kost að njóta stuðnings. Eins og kveðið er á um í 16. grein Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks eiga stjórnvöld aðildarríkja að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til þess að stuðla að bata fatlaðs fólks sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Stjórnvöld verða að skuldbinda sig til þess að vernda fatlaðar konur gegn ofbeldi og misnotkun, bæta eldri lög eða semja nýja löggjöf og móta stefnu sem tryggir sálfélaglegan og tilfinningalegan stuðning til fatlaðra brotþola.

AUKIÐ FJÁRMAGN TIL SÉRHFÆÐRA STUÐNINGSÚRRÆÐA

Fatlaðar konur eiga oft erfitt með að nýta sér þann stuðning sem aðrir þolendur ofbeldis eiga kost á. Þátttakendur í verkefninu sem starfa hjá samtökum og stofnunum, sem veita stuðning til brotþola, bentu á að vegna ófullnægjandi fjármögnunar og fjárhagslegra erfiðleika hefðu samtökin/stofnunin takmarkaða getu til að auka stuðning til fatlaðra kvenna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sinni. Mikilvægt er að fjárveitingar til félagasamtaka/stofnana sem styðja brotþola séu auknar og að athygli sé beint að úrræðum er varða stuðning til fatlaðra kvenna sérstaklega. Tryggja þarf fjárframlög til félagasamtaka/stofnana til að kosta nauðsynlegar breytingar á þjónustu og aðstöðu í því skyni að bæta aðgengi fatlaðra kvenna.

AUKIÐ FJÁRMAGN TIL STUÐNINGSÚRRÆÐA SEM LEIDD ERU AF FÖTLUÐUM KONUM

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að fatlaðar konur vilja í auknum mæli eiga kost á jafningjastuðningi, sjálfshjálparhópum og stuðningsúrræðum sem eru skipulögð af fötluðum konum fyrir fatlaðar konur. Mikilvægt er að efla starfsemi slíkra úrræða með virkum hætti svo sem með fjárveitingum.

BÆTT AÐSTOÐ VIÐ BROTAÞOLA Á LANDSBYGGÐINNI

Fatlaðar konur sem búa á strjálbýlum svæðum hafa síður aðgang að úrræðum og stuðningi fyrir brotþola. Stjórnvöld ættu að leggja áherslu á aðgengi fatlaðra kvenna að ráðgjafarþjónustu og aðstoð á strjálbýlum svæðum.

GREIÐARI LEIÐ AÐ UPPLÝSINGUM

Stjórnvöld þurfa að tryggja að fatlaðar konur eigi kost á upplýsingum um það hvernig eigi að bera kennsl á ofbeldi og hvar stuðning fyrir brotþola sé að finna. Upplýsingarnar þurfa að vera sniðnar að þörfum kvenna með ólíkar skerðingar (t.d. á auðskildu máli, táknaásmýndböndum og á hljóðskrá). Upplýsingarnar þurfa að vera fyrir hendi á opinberum stöðum og í ólíkum miðlum (t.d. í útvarpi, sjónvarpi og á prenti) svo að þær nái til sem flestra fatlaðra kvenna. Stjórnvöld ættu að efla og fjármagna forvarnarverkefni sem búin eru til og skipulögð af fötluðum konum. Stjórnvöld verða að gæta þess að allt forvarnarstarf og verkefni sem lúta að vitundarvakningu um ofbeldi gegn fötluðum konum sé unnið í samstarfi við þær sjálfar.

AUKIN KYNFRÆÐSLA

Stjórnvöld þurfa að tryggja gæði kynfræðslu fyrir fatlaðar stúlkur og konur í skólum. Jafnframt þarf að gæta þess að upplýsingar um rétt fatlaðra kvenna til kynlífs og barn-eigna séu fléttaðar inn í skólanámskrár. Fræðsla um kynlíf ætti að stuðla að sjálfsefningu og hjálpa konum við að átta sig á því hvenær brotið er á rétti þeirra.

EFLING VITUNDAR UM OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM KONUM

Mikilvægt er að stuðla að aukinni umræðu um ofbeldi gegn fötluðum konum. Jafnframt er brýnt að stuðla að vitundarvakningu um það hvernig ofbeldi tengist félagslegri stöðu fatlaðra kvenna og leggja í því sambandi áherslu á jafnrétti og samfélag án aðgreiningar. Í samræmi við 8. grein Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks ættu stjórnvöld að grípa til ráðstafana til þess að auka vitund um staðalímyndir, fordóma og skaðlegar athafnir, þar á meðal ofbeldi gegn fötluðum konum.

AUKIN SÉRFRÆÐIÞEKKING

Brýnt er að fagfólk sem starfar með fötluðum konum eða í stuðningi við þolendur ofbeldis fái fræðslu um ofbeldi gegn fötluðum konum og mismunandi stuðningsþarfir fatlaðra kvenna. Fræðsla á sviði fötlunar ætti jafnframt að vera hluti af starfsþjálfun sérfræðinga og starfsfólks í félags- og heilbrigðisþjónustu, ráðgjafa sem starfa hjá stuðningsúrræðum fyrir brotaböla, lögreglu, lögfræðinga, dómara og annarra starfsmanna innan réttarkerfisins. Fræðslan ætti að miða að því að taka á fordómum og auka skilning á lífi og reynslu fatlaðra kvenna og vera skipulögð og framkvæmd af fötluðum konum eða í samstarfi við þær.

AUKIN SAMFÉLAGSPÁTTTAKA FATLAÐRA KVENNA

Þátttakendur í rannsókninni kölluðu eftir aðgerðum sem miða að valdeflingu fatlaðra kvenna og þátttöku þeirra á sviði félagslífs og stjórn mála. Stjórnvöld, þar með talin sveitarfélög, ættu að grípa til ráðstafana til að berjast gegn algengum staðalímyndum og fordómum gegn fötluðum konum, til dæmis með því að hvetja til og styðja verkefni þar sem fatlaðar konur eru í framvarðarsveit, svo sem á sviði fjölmiðla. Einnig ætti að stofna til fræðslu og þjálfunar fjölmiðlafólks á sviði fötlunar og leitast við að efla hana, helst í samstarfi við fatlaðar konur.

STUÐNINGUR VIÐ SJÁLFSTÆTT LÍF

Fatlaðar konur sem eru háðar þjónustu í daglegu lífi eru berskjaldaðar. Þjónusta fyrir fatlaðar konur ætti að stuðla að valdeflingu þeirra og auðvelda þeim að nýta sjálfsákvörðunarrétt sinn. Stjórnvöld og sveitarfélög ættu að stuðla að, fjármagna og hrinda í framkvæmd verkefnum sem byggjast á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og styðja einstaklingsbundinn sjálfsákvörðunarrétt fatlaðra kvenna.

GREIÐARI LEIÐ AÐ RÉTTLÁTRI MÁLSMEÐFERÐ

Þátttakendur í rannsókninni töldu brýnt að auðvelda fötluðum konum aðgang að lögfræðiaðstoð fyrir fatlaðar konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Stjórnvöld verða að sjá til þess að fatlaðar konur fái skýrar og góðar upplýsingar um rétt sinn og tryggja möguleika þeirra til að nýta sér lögfræðilega aðstoð og kvörtunarleiðir. Stjórnvöldum ber að vinna að bættri löggjöf í því skyni að auðvelda fötluðum konum þátttöku í málarekstri. Þau ættu auk þess að sjá til þess að löggjöf sem heimilar brottvísun ofbeldismanna af heimilum sínum (lög nr. 85/2011) nái einnig yfir starfsfólk sem starfar við umönnun fatlaðs fólks á stofnunum eða heimilum þeirra. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem athvörf fyrir þolendur ofbeldis eru enn ekki að fullu aðgengileg fötluðum konum. Stjórnvöld verða að tryggja að innan dómskerfisins sé fyrir hendi þekking og skilningur á málefnum fatlaðra kvenna sem eru þolendur ofbeldis og að lögfræðingar, dómarar og löggæslumenn fái þjálfun á sviði fötlunar og fræðslu um ofbeldi gegn fötluðum konum. Auk þess þarf að sjá til þess að löggjöf gegn mismunun taki í meira mæli mið af því að tryggja rétt fatlaðra kvenna.

TILLÖGUR TIL ÞEIRRA SEM VEITA FÖTLUÐU FÓLKI ÞJÓNUSTU

VIRK ÞÁTTTAKA Í BARÁTTUNNI GEGN OFBELDI

Þátttakendur í verkefninu kölluðu eftir aukinni þátttöku þjónustuveitenda í forvarnarstarfi og baráttu gegn ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk og yfirmenn í þjónustu við fatlað fólk viðurkenni að fötluðum konum er hættara við en öðrum að verða fyrir ofbeldi, misnotkun og vanrækslu. Brýnt er að þróaðar séu aðferðir til að bera kennsl á aðstæður sem ýta undir valdniðslu og ofbeldi og að grípa til ráðstafana í því skyni að útrýma mismunun og fordómum gegn notendum þjónustunnar og stuðla að sjálfsákvörðunarrétti þeirra og valdeflingu.

GREIÐARI LEIÐ AÐ UPPLÝSINGUM

Þjónustuveitendur eru í lykilstöðu til að miðla upplýsingum um stuðningsúrræði fyrir brotapolá til fatlaðra kvenna sem nota þjónustu þeirra. Þjónustuveitendur ættu því að vera í samstarfi við samtök, sem styðja brotapolá og samtök fatlaðs fólks, og taka þátt í verkefnum og aðgerðum sem felast í því að miðla aðgengilegum upplýsingum um ofbeldi og stuðningsúrræði til fatlaðs fólks. Auk þess ættu þeir sem veita þjónustu að sjá til þess að upplýsingar um réttindi fatlaðra kvenna séu aðgengilegar og greiða leiðir þessara kvenna að kvörtunarleiðum og lögfræðilegri aðstoð.

AUKIN VITUNDARVAKNING

Veitendur þjónustu ættu að leggja áherslu á það að efla vitund um réttindi fatlaðs fólks, fordóma, mismunun og ofbeldi gegn því. Þeir ættu að taka þátt í verkefnum og aðgerðum sem veita fræðslu til almennings, starfsfólks og sérfræðihópa sem vinna með fötluðum konum. Mikilvægt er að stuðlað sé að auknu samstarfi við félagsamtök og stofnanir sem styðja þolendur ofbeldis og samtök fatlaðs fólks og að allar aðgerðir til að efla vitund um ofbeldi gegn fötluðum konum séu unnar í samstarfi við fatlaðar konur.

STUÐNINGUR VIÐ SJÁLFSTÆTT LÍF

Þátttakendur í verkefninu lögðu áherslu á það að þegar fatlaðar konur þurfa þjónustu og hjálp frá öðrum geti það grafið undan sjálfstæði þeirra og takmarkað val þeirra og

vald. Þeir sem veita þjónustu ættu að endurskoða tilhögun hennar og leggja af úrræði sem stuðla að og viðhalda því valdamisvægi sem er á milli fatlaðra notenda þjónustunnar og hinna ófötluðu sem veita hana. Veitendur þjónustu ættu að skipuleggja, fjármagna og framkvæma verkefni og aðgerðir sem stuðla að valdeflingu fatlaðra kvenna og eru í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Mikilvægt er að slík verkefni séu unnin í samstarfi við fatlaðar konur.

SKÝRAR VERKLAGSREGLUR

Veitendur þjónustu verða að viðurkenna að ofbeldi á sér stað innan þjónustukerfisins. Brýnt er að innleiða forvarnir gegn ofbeldi í starfsemi þjónustunnar með skipulegum hætti. Þeir sem veita þjónustu þurfa að skilgreina verklagsreglur til að tryggja að borin séu kennsl á öll tilvik ofbeldis og að þau séu skráð og rannsökuð. Slíkar reglur eru mikilvægar til þess að bæta öryggi þjónustunotenda og hvetja starfsfólk til þess að grípa til aðgerða ef það verður vitni að ofbeldi. Það er mjög mikilvægt að yfirmenn og deildarstjórar styðji innleiðingu slíkra reglna með virkum hætti. Þegar forvarnaráætlanir og verklagsreglur eru gerðar ættu notendur þjónustunnar að vera með í ráðum.

AUKIN ÞEKING MEÐAL STARFSFÓLKS OG FAGFÓLKS

Veitendur þjónustu þurfa að tryggja að starfsfólk og fagfólk innan þjónustunnar vakni til vitundar um ofbeldi gegn fötluðum konum og öðlist þekkingu á því. Það má meðal annars gera með því að bjóða starfsfólki þjálfun eða fræðslu um ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengileg stuðningsúrræði fyrir brotapolá. Það er sérlega mikilvægt tryggja fræðslu og endurmenntun starfsfólks um réttindi fatlaðra einstaklinga, félagslegan tengslaskilning á fötlun og Samning SP um réttindi fatlaðs fólks. Þjálfunin ætti að hvetja til gagnrýnnar hugsunar um ofbeldi og hvernig það tengist valdamisvægi og þeirri staðreynd að fötluðum notendum þjónustunnar hefur verið skipað á jaðar samfélagsins. Öll þjálfun ætti að vera skipulögð og veitt af fötluðum konum eða í samstarfi við þær.

TILLÖGUR FYRIR SAMTÖK OG STOFNANIR SEM STYÐJA ÞOLENDUR OFBELDIS

AÐ VERA VIÐBÚIN OG FÚS TIL ÞESS AÐ STYÐJA FATLAÐAR KONUR

Mikilvægt er að samtök og stofnanir sem veita sérhæfða aðstoð til þolenda ofbeldis skilgreini fatlaðar konur sem hluta af markhópi sínum. Þjónustan ætti ekki að fela í sér aðgreingu fatlaðra kvenna heldur ætti hún að vera skipulögð og framkvæmd frá upphafi með þeim hætti að hún tryggi það að fatlaðar konur eigi kost á henni. Stuðningsúrræði þurfa að vera fús til þess að ráðast í nauðsynlegar breytingar svo að þau geti boðið fötluðum konum aðgengilega og árangursríka aðstoð.

AÐ TAKA Á NEIKVÆÐUM VIÐHORFUM OG VEITA RÁÐGJÖFUM FRÆÐSLU

Margir þátttakendur í rannsókninni voru sammála um að ráðgjafa skorti oft þekkingu á ofbeldi gegn fötluðum konum og skilning á félagslegum aðstæðum þeirra. Ráðgjafar þurfa að hafa slíka þekkingu og kunna leiðir til að laga stuðning sinn að ólíkum þörfum fatlaðra kvenna. Slík þekking dregur úr fordómum og neikvæðum viðhorfum sem getur hindrað árangursríkan stuðning. Samtök og stofnanir þurfa því að efla reglulega fræðslu og þjálfun fyrir ráðgjafa, helst í samstarfi við fatlaðar konur eða samtök fatlaðs fólks. Þjálfunin ætti að taka á sérstökum aðstæðum fatlaðra kvenna, fjölbreyttum birtingarmyndum valdamisvægis og ofbeldis gegn þeim og hún á að endurspeglar félagslegan tengslaskilning á fötlun.

AÐ TRYGGJA GREIÐA LEIÐ AÐ STUÐNINGI

Rannsóknin leiddi í ljós að flest samtök og stofnanir sem veita þolendum ofbeldis stuðning voru ekki aðgengileg fötluðum konum. Stuðningsúrræði þurfa að rýna í þjónustu sína og meta að hvaða marki hún er aðgengileg og kynna sér leiðir til þess að stuðla að því að fatlaðar konur eigi léttara með að nálgast hana og njóta árangursríks stuðnings. Húsakynni samtaka/ stofnana þurfa að vera aðgengileg og jafnframt öll aðstaða. Einnig þarf að gæta þess að þjónustan sé sveigjanleg og að ráðgjafar þekki leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir fatlaðra kvenna í viðtölum og stuðningi. Einkum verða samtök/stofnanir að tryggja það að heyrnarlausar og heyrnarskertar konur geti notið þjónustunnar með því að bjóða þeim táknmálstúlkun eða ráða til starfa ráðgjafa sem kunna táknmál.

AÐ RÁÐA FATLAÐAR KONUR TIL STARFA

Mikilvægt er að sérhæfð stuðningsúrræði hafi skýra stefnu hvað varðar ráðningu fatlaðra kvenna til starfa og hvernig unnt er að tryggja starfsframa þeirra innan samtakanna/ stofnunarinnar. Stuðningsúrræði ættu að leggja áherslu á þátttöku fatlaðra kvenna í forystu- og stjórnunarstöðum og sjá til þess að þær taki þátt í ákvarðanatöku á öllum stigum starfseminnar. Þetta er mikilvæg leið til að tryggja að stuðningur við fatlaðar konur sé grundvallaður á reynslu þeirra og eykur líkur á því að stuðningurinn beri góðan árangur.

AÐ BJÓÐA ÚRRÆÐI SEM FATLAÐAR KONUR SÆKJAST EFTIR

Þátttakendur í rannsókninni kölluðu eftir auknum jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf. Samtök og stofnanir sem styðja brotþola þurfa að viðurkenna það að fatlaðar konur eru sérfræðingar í eigin lífi og reynslu. Þau ættu að efla jafningjastuðning og bjóða upp á umræðuvettvang og öruggt rými fyrir fatlaðar konur þar sem þær geta komið saman og rætt um sameiginlega reynslu sína og hindranir í daglegu lífi. Samtök og stofnanir ættu að tryggja að stuðningur við fatlaðar konur sé ávallt á þeirra eigin forsendum og byggður á reynslu þeirra en ekki á skoðunum og hugmyndum ófatlaðra ráðgjafa eða fagfólks.

AÐ VEITA NOTHÆFAR UPPLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTUNA

Fatlaðar konur sem tóku þátt í rannsókninni bentu á að erfitt væri að nálgast upplýsingar um aðgengilegan stuðning við þolendur ofbeldis. Stuðningsúrræði ættu að tryggja að upplýsingar um stuðning og þjónustu sem þau veita sé aðgengilegar fötluðum konum, þ.e. á auðskildu máli, í stuttum myndskreiðum á táknmáli og hljóðskrá. Mikilvægt er að veita skýrar upplýsingar um það hvort og með hvaða hætti þjónusta þeirra er aðgengileg fötluðum konum með ólíkar skerðingar.

AÐ TAKA VIRKAN ÞÁTT Í UMRÆÐU UM OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM KONUM

Þátttakendur í rannsókninni töldu að almenn umræða um ofbeldi endurspegli yfirleitt ekki reynslu fatlaðra kvenna og taki ekki mið af því misrétti og valdamisvægi sem þær verða fyrir í daglegu lífi. Stuðningsúrræði sem styðja þolendur ofbeldis ættu að viðurkenna kúgun og misrétti í

garð fatlaðs fólks og taka opinbera afstöðu með fötluðum konum. Þau ættu að styðja við vitundarvakningu um ofbeldi gegn fötluðum konum og taka þátt í verkefnum sem auka vitund um ofbeldi og staðalímyndir meðal almennings og ýmissa faghópa. Samtök og stofnanir ættu jafnframt að taka þátt í þjálfun faghópa sem sinna þjónustu við fatlað fólk og stuðla að aukinni þekkingu þeirra á ólíkum birtingarmyndum ofbeldis og réttum viðbrögðum þegar upp kemst um ofbeldi.

AÐ FINNA LEIÐIR TIL AÐ NÁ TIL FATLAÐRA KVENNA

Rannsóknin sýndi að samtök og stofnanir sem styðja brotaþola hafa átt lítið samstarf við fatlaðar konur.

Þessi samtök ættu að leitast við að brúa bilið á milli stuðningsúrræða fyrir þolendur ofbeldis og fatlaðra kvenna. Stuðningsúrræðin ættu að eiga frumkvæði að slíku samstarfi og taka virkan þátt í verkefnum sem felast í því að ná til fatlaðra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Slík vinna ætti að fara fram í samstarfi við samtök fatlaðs fólks og aðra aðila sem veita fötluðu fólki þjónustu.

AÐ EIGA SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SAMTÖK

Sérhæfð stuðningsúrræði fyrir brotaþola ættu að vinna með samtökum fatlaðs fólks og efla samstarf samtaka sem berjast fyrir því að binda enda á ofbeldi gegn fötluðum konum.

TILLÖGUR TIL SAMTAKA FATLAÐS FÓLKS OG NOTENDASTÝRÐRA SAMTAKA

VIRK ÞÁTTTAKA Í BARÁTTU GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Fjölmargar fatlaðar konur sem tóku þátt í rannsókninni bentu á að samtök fatlaðs fólks og notendastýrð samtök beita sér ekki gegn kynbundnu ofbeldi með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að samtök fatlaðs fólks viðurkenni og berjist fyrir réttindum fatlaðra kvenna til að lifa lífi án kúgunar, ofbeldis og misnotkunar eins og kveðið er á um í 16. grein Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Samtök fatlaðs fólks ættu að taka virkan þátt í verkefnum sem lúta að vitundaraukningu og forvarnarstarfi gagn ofbeldi.

SAMSTARF VIÐ SAMTÖK/STOFNANIR SEM STYÐJA FATLAÐAR KONUR SEM ORÐIÐ HAFU FYRIR OFBELDI

Samtök fatlaðs fólks ættu að taka virkan þátt í samstarfi við stofnanir og samtök sem styðja fatlaðar konur sem sætt hafa ofbeldi. Til dæmis gætu samtök fatlaðs fólks boðið stuðnings-úrræðum jafnréttisþjálfun eða fræðslu um fatlað fólk og ofbeldi gegn því og auðveldað þeim að bera kennsl á nauðsynlegar úrbætur varðandi aðgengi á ýmsum sviðum. Samstarfið gæti orðið til þess að greiða fötluðum konum leið að stuðningi við þolendur ofbeldis.

Samstillt átak myndi jafnframt stuðla að árangursríkari baráttu fyrir auknum framförum og fjárveitingum til að efla stuðningsúrræði fyrir fatlaðar konur sem hafa verið beittar ofbeldi.

GREIÐAR LEIÐIR AÐ UPPLÝSINGUM UM STUÐNING VIÐ ÞOLENDUR OFBELDIS

Þó að ýmis samtök fatlaðs fólks skorti bjargir og fjármagn til að takast á við það verkefni að veita fötluðum brotaþolum stuðning, þá gegna þau mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um aðgengilegan stuðning til fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi og hvetja þær til að sækja sér stuðning. Samtök fatlaðs fólks ættu að veita aðgengilegar upplýsingar um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í lífi fatlaðra kvenna og stuðning sem þær geta nýtt sér. Þátttakendur í rannsókninni lögðu áherslu á að samstarf milli samtaka fatlaðs fólks og stuðningsúrræða væri mikilvægt til að tryggja aðgengilegar upplýsingar til fatlaðra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Samtök fatlaðs fólks geta líka gegnt lykilhutverki í því að hafa milligöngu um að beina fötluðum konum í átt að hjálp og stuðningi sem þær eiga kost á að nýta sér.

Samstarfsaðilar:

